

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1192*  
*komudagur 11.3.2009*

Reykjavík 04. mars 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, mál nr. 290.

VM tekur efnislega undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu og telur þær stuðla að auknu öryggi við lögskráningu sjómanna.

VM telur að heimild ráðherra til að veita undanþágur í 7. gr. til undanþágu á lögskráningu tiltekinna skipa eigi ekki að veita þeim forréttindi umfram önnur skip. Hugtökin sem notuð eru í upptalningunni eru of yfirgripsmikil og geta valdið deilum um lögskráningu á skipin. Lágmarks öryggismönnun þurfi að vera á skipunum miðað við stærð þeirra og verkefni. VM telur því að fara þurfi betur yfir 7. gr. laganna og skilgreina þau skip sem ráðherra getur haft heimild til að veita undanþágu frá lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa. Sérstaklega er átt við hugtökin fristundafiskiskip og farþegaskip til skoðunarferða. VM leggur áherslu á að fyllstu öryggissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við breytingarnar sem VM leggur til að verði gerðar á lögnum.

Virðingafyllst,  
f.h. VM – Félagsvélstjóra og málmæknimanna



Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.